




Borðtennissamband Íslands
The Icelandic Table Tennis Association
Íþróttamiðstöðinni Laugardal
104 Reykjavík
Fax: +354 588 8848

Member of:
The Nordic Table Tennis Federation NTTF
The European Table Tennis Union ETTU
The International Table Tennis Federation ITTF

ÁRSPING BTÍ 2002

Árspaning Borðtennissambands Íslands 2002 fór fram í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 31. október 2002. Lagðir voru fram reikningar fyrir árin 2000 og 2001.

1.-2. Þingsetning – Kjör fundarstjóra og fundarritara.

Sigurður Valur Sverrisson setti þingið og lagði til við þingfulltrúa að Stefán Konráðsson yrði fundarstjóri og Ólafur K. Ólafs fundarritari. Var það samþykkt samhljóða.

3.-5. Staðfest lögmæti fundar – Kjörbréfanefnd – Fundargerð síðasta fundar.

Fundarstjóri fór yfir kjörgögn og staðfesti lögmæti fundarins. Í kjörbréfanefnd voru Pétur Stephensen, Kjartan Briem og Þórður Halldórsson. Jafnframt því lá frammi fundargerð síðasta ársþings BTÍ 2000. Aðalfulltrúar, sem höfðu rétt til að sækja þingið, voru 28.

Fulltrúar frá ÍBR (13):

1.Kjartan Briem-2.Hlöðver Þorsteinsson-3.Guðrún G Björnsdóttir-4.Pétur Stephensen-
5.Kristján Jónasson-6.Bjarni Bjarnason-7.Sölvi Pétursson-8.Sigurður Jónsson-9.Ólafur K.
Ólafs- 10.Halldóra S. Ólafs-11.Magnús F. Magnússon-12.Matthías Stephensen-13.Tryggvi
Áki Pétursson.

Fulltrúar frá HSK (5): Þórður Halldórsson, sem fer með 5 atkæði.

Fulltrúar frá UMSK (3): Stefán Konráðsson, sem fer með 3 atkvæði.

Fulltrúar frá HSP (2), UÍA (2) og HSV (2) mættu ekki á þingið.

6. Afhending viðurkenninga.

BTÍ afhenti þeim einstaklingum viðurkenningar, sem voru punktahæstir í mótum BTÍ 2000-2001 og 2001-2002. Í karlaflokki sigraði Guðmundur E. Stephensen, Víkingi, bæði árin, en í kvennaflokki sigraði Lilja Rós Jóhannesdóttir, Víkingi, 2000-2001 en Halldóra S. Ólafs, Víkingi, 2001-2002.

7. Ávörp gesta. Enginn gestur kom til fundarins þannig að lítið fór fyrir þessum dagskrárlið.

8. Formaður BTÍ gerði grein fyrir skýrslu stjórnar. Stiklað var stóru í starfi sambandsins, s.s. ársþingum alþjóðasambanda, breytingum í leikjafyrirkomulagi, landsliðs- og unglingalandsliðs-málum og Íslandsmótum. Fram kom að lítið hafi orðið úr kynningarstarfi, en hann lofaði bót og betrun í þeim efnum.

9-11. Lagðir voru fram reikningar BTÍ 2000 og 2001 og voru þeir samþykktir.

Í umræðu um skýrslu stjórnar kom fram ábending um að birta upplýsingar um Íslandsmeistara í öllum flokkum og alla landsleiki, A landsliða og unglingalandsliða.

12. Í fjárhagsnefnd voru skipaðir Kristján Jónasson, Sigurður Valur Sverrisson og Árni Siensen, í laganeftnd Björn Brynjar Jónsson, Kjartan Briem og Ólafur K. Ólafsson.

Fjárhagsáætlun 2003 var lögð fram af Sigurði V. Sverrissyni. Helstu atriði í henni eru:

Tekjur samtals 2,800 millj.kr., gjöld 2,380 millj.kr., tekjuafgangur 420 þús.kr. Meðal gjaldaliða er landslið 1200 þús.kr., þjálfunarkostnaður 400 þús.kr., útbreiðslukostnaður 300 þús.kr., stjórnunarkostnaður 280 þús.kr., móta- og félagsgjöld 200 þús.kr.

13.Lagabreytingar.

- ❑ Lög BTÍ: Felld tillaga að halda þing á hverju ári, sbr. 6. gr., þar sem fram kemur að borðtennisþingi skuli halda í apríl annað hvert ár.
- ❑ Reglugerð um flokkakeppni BTÍ. Í lok 6. gr. komi 3-5 lotur í stað 2-3 lotur.
- ❑ Reglugerð um Íslandsmót. Í 1. gr. bætist við keppni í 2. flokki kvenna og í tvíliðaleik skal keppt í tveimur flokkum stúlkna, 16-17 ára og stúlkur yngri en 15 ára. Í 4 gr. fjölgar lotum frá því sem var: 4-7 lotur í stað 3-5 lota í meistaraflokki en 3-5 lotur í öðrum flokkum í stað 2-3 lota.
- ❑ Reglugerð um punktamót: Í 2.gr. er taflan óbreytt, annað stríkast út. 3. gr. stríkast út þar sem styrkleikalisti BTÍ hefur tekið við af reglugerð um punktamót til að ákvarða flutning leikmanna milli flokka. 4. gr. verður 3. gr. og verður svohljóðandi: „Á punktamótum má enginn keppa í lægri flokki en *styrkleikalisti BTÍ gefur til kynna, sbr. reglugerð um styrkleikalista BTÍ*. Enginn getur fengið punkt nema hann hafi leiki a.m.k. einn leik og unnið hann. Engin aldursflokaskipting er á punktamótum.“ Ný grein, 4. gr., „Stjórn BTÍ veitir punktahæsta einstaklingi í öllum flokkum á keppnistímabili viðurkenningu og telst viðkomandi einstaklingur punktameistari viðkomandi flokks. Samanlagðir punktar leikmanns eru áunnir punktar í eigin flokki og í þeim flokkum sem hann hefur þátttökurétt til. Við það skal miðað að leikmaður keppi um punktameistara í þeim flokki er hann hefur keppnistímabilið í.“ Í 6. gr. fellur út síðasta setningin og endar 6. gr. á: „Leyfisgjald skal ákveðið á þingum BTÍ.“ Samþykkt var að hafa leyfisgjald 0 kr.

- ❑ Reglugerð um styrkleikalista BTÍ. Í 2. gr. verður 1. flokkur kvenna 1300-1499 stig en 2. flokkur kvenna 1299 stig eða minna. Var áður 1400-1499 stig fyrir 1. flokk kvenna og 1399 stig eða minna fyrir 2. flokk kvenna. Í 3. gr. „BTÍ skal birta opinberlega uppfærðan lista að minnsta kosti fimm sinnum á ári, 1. september, 1. nóvember, 1. janúar, 15. febrúar og 1. apríl.“
- ❑ Reglugerð um borðtennismann ársins. Orðið landsliðsnefnd strikast út úr 1. og 2. gr.
- ❑ Reglugerð um Grand Prix mót. Tillaga um að heimila leikmanni aðeins þátttöku í einum flokki var felld.
- ❑ Keppnisreglur BTÍ. Við 13.gr. bætist: Þátttökutilkynning tilgreini fullt nafn og *kennitölu keppenda*, svo og flokk hans.
- ❑ Leikregur í borðtennis. Lögð var þýðing frá borðtennisdeild KR á nýjum reglum um löglega uppgjöf í borðtennis, sbr. 6. gr.

Athygli er vakin á að allar reglugerðir og lög BTÍ verða uppfærðar, eins fljótt og mögulegt er, á heimasíðu BTÍ, sem er í algjörrri uppstokkun.

14. Umræða og afgreiðsla á öðrum tillögum.

- ❑ Kjartan Briem lagði fram yfirlýsingu frá borðtennisdeild KR þar sem lýst var óánægju með skipun aðalfulltrúa á borðtennisþingið. Þar væri ekki lýðræðislega staðið að málum, finnst að fjöldi fulltrúa fari ekki eftir fjölda iðkenda. Yfirlýsingin var afhent Stefán Konráðssyni fyrir hönd ÍSÍ og Sigurði V. Sverrissyni fyrir hönd BTÍ.
- ❑ Stefán kvaðst koma yfirlýsingunni áfram, en sagðist jafnframt vonast eftir að meðlimir í borðtennishreyfingunni færu nú að snúa bökum saman í stað þess að vera í innbyrðis togstreitu. Borðtennis ætti skilið annað og meira.
- ❑ Þórður Halldórsson HSK var sama sinnis og kvatti menn til þess að taka þátt í starfinu af heilum hug en ekki rífa það niður. Þórður lagði jafnframt til að fundargerðir stjórnar yrðu sendar út, t.a.m. á heimasíðu BTÍ. Nýta þyrfti öll tækifæri til að koma upplýsingum á framfæri og ræða málefni líðandi stundar. Jafnframt lagði hann til að borðtennis yrði kynntur með einhverjum hætti í hringferð um landið.

15. Kosning stjórnar:

Sigurður Valur Sverrisson var endurkjörinn formaður. Í stjórn voru kjörnir: Björn Brynjar Jónsson, Kristján Jónasson, Ólafur K. Ólafs og Pétur Stephensen. Í varastjórn voru kjörnir Bjarni Bjarnason, Jónas Skúlason og Þórður Halldórsson.

16. Skoðunarmenn reikninga voru kjörnir Árni Siemsen og Stefán Konráðsson.

17. Slit þingsins. Sigurður formaður þakkaði traustið, sagðist vonast eftir góðu og virku samstarfi við stjórnina og að áherslu yrði lögð á útbreiðslumálin á komandi tímabili. Að því búnu þakkaði hann Stefáni Konráðssyni fyrir röggssama fundarstjórn og óskaði mönnum góðrar heimkomu.

28. nóvember 2002

Ólafur K. Ólafs